

BERA

Sjálfbærni- og umbreytingarstefna

Tilgangur og gildissvið

Sjálfbærni- og umbreytingarstefna Beru markar stefnu samstæðunnar í umhverfismálum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Markmið Beru hf. er að byggja upp rekstur þar sem umbætur og sjálfbærni fara saman, það að gera hlutina betur sé jafnframt að gera þá sjálfbærari.

Bera hf. nýtir aðferðir stöðugra umbóta til að draga úr sóun, bæta rekstur og þjónustu og minnka kolefnisspor. Ákvarðanataka er studd með gögnum og mælikvörðum sem stuðla að sjálfbærri verðmætasköpun til lengri tíma.

Áhersla er lögð á að menning fyrirtækisins styðji stefnuna, þannig að starfsfólk leiði umbætur og sjálfbærni verði eðlilegur hluti af daglegum störfum. Þetta skapar samkeppnisforskot þar sem viðskiptavinir velja í auknum mæli birgja með skýra sjálfbærnistefnu og starfsfólk sækist eftir vinnustöðum þar sem sjálfbærni er innbyggð í starfshætti.

Ávinningur af sjálfbærni er varanlegur og styður við langtímaárangur.

Samstæða Beru starfar á sviði drykkjar- og matvælaframleiðslu, innflutnings, dreifingar og flutninga, útflutnings og fasteignareksturs.

Stefnan gildir fyrir allar rekstrareiningar samstæðunnar og byggir á CSRD (*Corporate Sustainability Reporting Directive*). Bæði er stuðst við VSME (*Voluntary Sustainability Reporting Standard for SMEs*) og ESRS (*Corporate Sustainability Reporting Directive*). Hún byggir einnig á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, UN Global Compact og SBTi (*Science Based Targets initiative*).

Stjórn Beru hf. samþykkir stefnuna.

Forstjóri Beru ber ábyrgð á framkvæmd hennar og deildarstjóri sjálfbærni, umbóta og fasteigna leiðir innleiðingu.

Sjálfbærnihópur Beru sér um eftirfylgni og reglulega endurskoðun stefnunnar.

Framtíðarsýn

Bera vinnur markvisst að því að:

- Draga úr umhverfisáhrifum starfsemi samstæðunnar.
- Efla velferð starfsfólks og öryggi á vinnustað.
- Stuðla að ábyrgum stjórnarháttum.
- Stuðla að stöðugum umbótum og aukinni verðmætasköpun.

Umbótamenning er lykilþáttur í starfsemi Beru og eitt helsta verkfæri til að ná fram stöðugum framförum í sjálfbærni og rekstri. Með stöðugum umbótum dregur úr sóun, kolefnisspor minnkar og kostnaður lækkar.

Þátttaka starfsfólks í umbótastarfi styrkir menningu og tryggir að sjálfbærni sé samþætt í daglegum rekstri. Þannig verður sjálfbærni ekki aðeins markmið, heldur raunverulegt samkeppnisforskot.

Megináherslur

Byggt á tviátta mikilvægisgreiningu (DMA) leggur Bera áherslu á eftirfarandi svið:

Umhverfis- og loftslagsþættir	Félagsþættir	Stjórnarhættir
Loftslagsbreytingar (E1)	Vellíðan og færniþróun starfsfólks (S1)	Viðskiptasiðferði og fyrirtækjamenning (G1)
Umbúðir og hráefni (E1)	Heilsa og öryggi (S1)	
Orka (E1)	Fjölbreytileiki (S1)	
Vatnsmengun og skaðleg efni (E2)	Mannréttindi í virðiskeðju (S2)	
Vatnsnotkun og fráveita (E3)	Heilsa og öryggi neytenda (S4)	
Líffræðilegur fjölbreytileiki (E4)	Ábyrgir markaðshættir (S4)	
Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi (E5)		

Bera leggur áherslu á virkt samtal við hagaðila, sem skiptast í átta hópa: samstarfsaðilar, eigendur, viðskiptavinir, starfsfólk, stjórnvöld, neytendur, birgjar og þjónustuaðilar. Nánar um hagaðila og samskipti er að finna í verklagsreglu um tviátta mikilvægisgreiningu.

Mælingar, eftirfylgni og upplýsingagjöf

Framvinda markmiða er mæld með lykilmælikvörðum og kynnt reglulega fyrir stjórnendum og stjórn samstæðunnar. Eftirfylgni felur í sér reglulega mælingu ESG mælikvarða, innleiðingu umbótaverkefna, árlega sjálfbærnisráðgjafar og upplýsingagjöf til hagaðila. Unnið verður að því að gera gögn um kolefnisspor samstæðunnar aðgengileg nær rauntíma.

Umbreytingaráætlun - markmið og stuðningsaðgerðir

Umhverfisþættir

Markmið: Bera stefnir að því að draga markvisst úr loftslags- og umhverfisáhrifum starfsemi samstæðunnar með því að minnka losun, auka orkunýtni, bæta nýtingu auðlinda og efla hringrásarhagkerfi í virðiskeðjunni.

Markmið	Mælikvarði	Stuðningsaðgerðir	ESRS vísun
Minna beina kolefnislosun samstæðunnar	Draga úr losun eigin starfsemi um 42% fyrir 2030 (viðmiðunarár 2020 fyrir Ölgerðina og Danól og 2025 fyrir önnur dótturfyrirtæki)	Kortleggja losun eigin starfsemi samstæðunnar Útfösun óumhverfisvænna kælimiðla	E1
Draga úr losun á framleidda einingu	Losun / framleiddir lítrar fyrir Ölgerðina	Kortleggja losun samstæðunnar.	E1

		Ákveða losunarkræfni út frá rekstri hvers félags.	
100% endurnýjanleg orka fyrir 2030	Rafvæðing bílaflota	Stefna um kaup á rafbílum fyrir samstæðuna til notkunar á þeim dreifileiðum þar sem tæknilegir innviðir og rekstrarskilyrði styðja innleiðingu.	E1
Endursetja vísindalega samþykkt markmið (SBTi) fyrir samstæðu Beru	Ný vísindalega samþykkt markmið (SBTi) staðfest fyrir samstæðu Beru	Kortleggja losun í umfangi 1-3 fyrir samstæðu Setja markmið sem styður við vaxtarfyrirtæki (losun á einingu minni milli ára)	E1
Draga úr orkunotkun á framleidda einingu	Orkunotkun á framleidda einingu (kWh/einingu) Heildarorkunotkun (MWh)	Kortleggja orkunotkun í framleiðslu og fasteignum Umbótaverkefni sem spara orku (t.d. LED ljós, varmadælur etc.)	E1
Draga úr vatnsnotkun í framleiðslu	Heildarvatnsnotkun (m3)	Kortleggja vatnsnotkun í framleiðslu og fasteignum	E3
Draga úr mengun frá frárennsli	Setja upp jöfnunarþró	Setja upp jöfnunarþró	E3
Auka kolefnisbindingu í náttúrunni	Fjöldi trjáa gróðursettra	Skógræktarverkefni með skógræktarfélagi Reykjavíkur í Lundarreykjardal – vottaðar einingar	E4
Draga úr áhrifum hráefna á náttúru	Hlutfall hráefna frá sjálfbærum uppruna (%)	Auka notkun hráefna frá sjálfbærum og ábyrgum birgjum Greina núverandi stærstu hráefni og setja upp mælikvarða.	E4
Draga úr heildarmagni úrgangs	Heildarúrgangur (tonn)	Innleiða aðgerðir til að minnka úrgang í formi umbótaverkefna	E5
Auka hlutfall endurvinnslu í 99% árið 2030	% endurvinnsluhlutfall	Bæta flokkun úrgangs í framleiðslu og starfsemi	E5
Draga úr matarsóun	Magn síðasta séns (kg) Nýting hráefna í framleiðslu (%)	Selja með afslætti á síðasta séns Hringrásarverkefni sem stuðla að uppvinnslu hráefna	E5

	Kg uppunnið hráefni	(t.d. fuglafóður úr laufabrauði, CO2 söfnun)	
Auka hringrás umbúða	Hlutfall umbúða í skilakerfum (%)	Stuðla að aukinni endurvinnslu og skilakerfum (t.d. Endurvinnslan og kaffihylkjasöfnun)	E5
Auka hlutfall endurvinnanlegra umbúða	Hlutfall endurvinnanlegra umbúða (%)	Umbúðastefna fyrir samstæðu og dótturfyrirtæki Búa til mælikvarða fyrir fyrirtækin	E5
Draga úr efnisnotkun í umbúðum	Þyngd umbúða á framleidda einingu (g/einingu)	Létta umbúðir og minnka loft í umbúðum	E5
Draga úr notkun frumplasts	% endurunnið plast í umbúðum	Auka notkun enduruninna efna (t.d. rPET, pappi í ytri umbúðir)	E5

Félagsþættir

Markmið: Bera vill skapa öruggan, heilbrigðan og fjölbreyttan vinnustað þar sem starfsfólk fær tækifæri til að þróast og vaxta. Samstæðan leggur áherslu á öryggi, vellíðan starfsfólks og ábyrga virðiskeðju.

Markmið	Mælikvarði	Stuðningsaðgerðir	ESRS vísun
Auka starfsánægju og vellíðan starfsfólks	Starfsánægja (%)	Framkvæma reglulegar starfsánægjukannanir og vinna umbótaáætlanir út frá niðurstöðum	S1
Draga úr starfsmannaveltu	Starfsmannavelta (%)	Styrkja móttöku nýs starfsfólks. Efla starfsþróun innan samstæðunnar.	S1
Efla hæfni og þekkingu starfsfólks	Þjálfunartímar á starfsmann	Fræðslustefna fyrir Beru og dótturfyrirtæki	S1
Styðja við starfsþróun og leiðtogafærni	Hlutfall starfsfólks sem fara í starfsmannasamtöl	Regluleg starfsmannasamtöl að lágmarki 1 sinni á ári. Setja upp mælikvarða til að mæla fjölda.	S1
Draga úr fjarveru og styðja við jafnvægi vinnu og einkalífs	Fjarvera (%)	Framkvæma fjarvistarsamtöl miðað við Bradford staðal og mælaborð frá Heilsuvernd.	S1
Draga úr slysum í starfsemi	Fjöldi slysa	Regluleg öryggisfræðsla og þjálfun fyrir starfsfólk	S1

samstæðunnar (núllslys)			
Auka skráningu og lærdóm af næstum því slysum	Fjöldi skráðra næstum því slysa	Efla skráningu næstum því slysa með fræðslu Halda áfram greiningum og umbótum tengt næstum því slysum	S1
Draga úr fjarveru vegna vinnuslysa	Tímar frá vinnu vegna slysa	Rótagreina orsök slysa og innleiða fyrirbyggjandi aðgerðir	S1
Efla öryggismenningu innan samstæðunnar	Slysatíðni	Samræma öryggisstefnu og verklag fyrir samstæðu Beru	S1
Tryggja launajafnrétti	Jafnlaunahlutfall og niðurstöður úr jafnlaunakerfi	Vottað jafnlaunakerfi, árleg greining launa og leiðrétting óútskýrðs launamunar	S1
Jafna kynjahlutföll í stjórnendastöðum	Hlutfall kvenna í stjórnendateymi	Kynhlutlausar starfsauglýsingar, fjölbreytt ráðningarferli	S1
Tryggja að birgjar fylgi siðferðislegum viðmiðum	Hlutfall birgja sem hafa samþykkt siðareglur (%)	Innleiða þar sem vantar siðareglur birgja Fylgja eftir undirskriftum siðareglum birgja	S2
Auka yfirsýn yfir áhættu í virðiskeðju	% birgjamat	Allir birgjar áhættuflokkaðir og áhættumestu birgjar fara í gegnum birgjamat	S2
Tryggja öryggi matvæla og drykkja	Fjöldi vöruinnkallana og afturkallana	Viðhalda og þróa gæðakerfi og verklag fyrir innköllun Fræðsla fyrir starfsfólk sem vinnur við feril	S4
Draga úr gæðafrávikum í framleiðslu	Fjöldi gæðafrávika	Reglulegt eftirlit með framleiðsluferlum og umbótaverkefnum Innleiðing á öflugra frávikakerfi	S4
Tryggja samræmi við gæðastaðla	ISO / HACCP vottun	Viðhald á gæðakerfum og vottunum Innleiða þar sem við á	S4
Efla öryggi og gæði í virðiskeðju	Hlutfall birgja sem uppfylla gæðakröfur (%)	Setja gæðakröfur til birgja og framkvæma birgjamöt	S4

Tryggja gagnsæjar upplýsingar til neytenda	Fjöldi kvartana viðskiptavina og neytenda	Eftirfylgni með kvörtunum	S4
Tryggja ábyrga markaðssetningu	Fjöldi kvartana vegna markaðssetningar	Fylgja eftir verklagi um ábyrga markaðssetningu	S4

Stjórnarhættir

Markmið: Bera stuðlar að ábyrgum og gagnsæjum stjórnarháttum með skýrum siðareglum, virkri áhættustýringu og öflugri sjálfbærnistjórnun sem styður við langtíma verðmætasköpun.

Markmið	Mælikvarði	Stuðningsaðgerðir	ESRS vísun
Efla siðferðislega fyrirtækjamenningu	Hlutfall starfsfólks sem fá þjálfun í siðareglum (%)	Regluleg fræðsla um siðareglur og góða viðskiptahætti	G1
Tryggja virkt uppljóstrunarkerfi	Fjöldi tilkynninga í uppljóstrunarkerfi	Viðhalda og kynna tilkynningargátt fyrir starfsfólk	G1
Fyrirbyggja brot á siðareglum	Fjöldi brota á siðareglum	Fræðsla á siðareglum til starfsfólks	G1
Efla ábyrgð stjórnenda í sjálfbærni	Hlutfall stjórnenda með ESG markmið tengd árangri	Tengja ESG markmið við árangursmat stjórnenda	G1
Tryggja heilbrigða viðskiptahætti	Fjöldi atvika tengd spillingu eða ólögnum viðskiptaháttum	Fræðsla og verklag um varnir gegn spillingu	G1